



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

22. FUNDUR – 12. febrúar 2008

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 22. fundar þriðjudaginn 12. febrúar 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnáði honum. Stefanía A. Garðarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a. *Bæjarráð frá 31. janúar 2008*
- b. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 28. janúar*
- c. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. janúar*
- d. *Skipulag-, byggingar- og veitunefnd frá 4. febrúar*
- e. *Fræðslunefnd frá 16. janúar*
- f. *Fræðslunefnd frá 28. janúar*
- g. *Samráðshópur um verkefni Héraðsnefndar frá 30. janúar*

2. Erindisbréf framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a. *Bæjarráð frá 31. janúar 2008*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu, fram kom bókun vegna 7. liðar fundargerðarinnar

„Bæjarstjóra er falið með hliðsjón af afgreiðslu 7. liðar að ganga til samninga við Feyki um kaup á ákveðinni þjónustu“

Samþykkt með 6 atkvæðum og 1 situr hjá, Zophonías Ari Lárusson.

Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða, að því undanskildu að Zophonías A. Lárusson situr hjá við 7. lið fundargerðarinnar.

b. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 28. janúar*

Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. janúar*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Varðandi 4. lið fundargerðarinnar er bæjarstjóra falið að vinna áfram að málinu og vísa niðurstöðu til afgreiðslu bæjarráðs.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

d. *Skipulag-, byggingar- og veitunefnd frá 4. febrúar*

Fundargerðin kynnt og rædd. Að umræðum loknum borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

e. *Fræðslunefnd frá 16. janúar*

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu tekin til afgreiðslu og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



f. Fræðslunefnd frá 28. janúar

Fundargerðin kynnt, tekin til afgreiðslu og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

g. Samráðshópur um verkefni Héraðsnefndar frá 30. janúar

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Forseti lagði fram eftirfarandi; „Bæjarstjórnin samþykkir að unnið verði áfram eftir þeim tillögum sem lagðar voru fram á fundinum“.

Samþykkt með 5 atkvæðum 2. sitja hjá.

Fram var lögð eftirfarandi bókun;

„Undirritaðir telja að breyting á starfsemi sameiginlegra verkefna feli í sér litla breytingu frá því sem áður var. Lagt er til að verkefni skiptist á þrjú byggðasamlög með fjögurra manna stjórn. Sú tilhögun felur í sér að Blönduósbær sem greiðir á milli 40 – 45% af kostnaði kemur ekki lengur að stjórn málaflokka í samræmi við sitt vægi. Það felur í sér gjaldfellingu á aðkomu Blönduósbæjar að stjórnun þessara málaflokka. Undirritaðir telja að réttara hefði verið að skipa eina fimm manna stjórn yfir þessum byggðasamlögum sem færi með sameiginleg málefni héraðsins. Við sitjum því hjá við þessa afgreiðslu“
Undirrita þeir Ágúst Þór Bragason og Kári Kárason.

2. Erindisbréf framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar

Bæjarstjóri kynnti umrætt erindisbréf, og var það samþykkt með 7. atkvæðum samhljóða.

Bæjarstjóri bar undir fundarmenn að taka upp liðinn önnur mál og var það samþykkt.

3. Önnur mál.

1. Bókað í trúnaðarbók.
2. Bæjarstjóri skýrði frá því tjóni sem varð á vatnstanki sveitarfélagsins í óveðri nýverið. Einnig að fyrir liggur að kröfu heilbrigðisfulltrúa að fram fari geislun á neysluvatninu. Samþykkt var að fela bæjarstjóra að leysa málið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:25

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Stefanía A. Garðarsdóttir (sign.)